Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

15. árg. 2006 2. tbl.

„Hin blíðu hraun“

Ian Anderson úr Jethro Tull gróðursetur í Vinaskógi

Geispar þú nógu djúpt?

Veistu um glæsilegt sitkagrenitré?

Skógræktarfélag Íslands og KB banki endurnýja samning um víðtækt fræðslusamstarf

Trjáhús byggt í grenitré

Skógræktarfélag Reykjavíkur á tímamótum

Skógardagurinn mikli á Hallormsstað

Trjáræktarklúbburinn hugar að trjásafni „arboretum“

Sjóvá fjármögnun hf. styður verkefnið Opinn skóg

Skógræktarfélag Eyfirðinga gefur út fræðslubækling um merk tré á Akureyri

Toyota lánar Skógræktarfélagi Íslands bifreiðar

Yrkjusjóður opnar upplýsingavef

Skógræktarfélag stofnað í Grindavík

Skógræktarfélag Siglufjarðar tekur nýtt land til skógræktar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur ræktað og annast fjölbreytt útivistarsvæði á upplandi Hafnarfjarðar. Skóglendi félagsins eru afar fjölsótt allan ársins hring. Skógi vaxið umhverfi Hvaleyrarvatns er vinsælt útivistarsvæði (Mynd JFG).

„Hin blíðu hraun“

Stórsýning í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar var stofnað 25. október árið 1946 og fagnar því 60 ára afmæli í ár. Afar fjölbreytt dagskrá er á vegum félagsins og stendur það fyrir ýmsum viðburðum á afmælisárinu.

Hæst ber sýninguna „Hin blíðu hraun“. Í tilefni afmælisins tók skógræktarfélagið höndum saman við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar og gengst fyrir umfangsmikilli myndlistarsýningu. Yfirskrift sýningarinnar „Hin blíðu hraun“ er fengin frá Jóhannesi Kjarval og með henni er sjónum beint að hrauninu, sem er allt um kring í Hafnarfirði. Hraunin eru ill yfirferðar og erfitt búland en nálægð þeirra heillar þó. Dulúð þeirra og mikilfengleiki hrífur okkur og þrátt fyrir hrjóstrugt viðmótið „er hvergi betra skjól“ eins og Guðlaug Pétursdóttir orti. Hraunið dregur líka enn að sér listamenn sem sækja þangað innblástur líkt og Kjarval.

Á þessari sýningu sjáum við úrvinnslu tólf samtímalistamanna í alla mögulega miðla: málverk, skúlptúr, lágmyndir og myndbandsverk. Þeir eru Anna Líndal, Bjarni Sigurbjörnsson, Guðrún Kristjánsdóttir, Erling TV Klingenberg, Sigrún Sirra Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Kristbergur Pétursson, Patrick Huse, Ragna Róbertsdóttir, Spessi og Steina Vasulka.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur, öll þau sextíu ár sem það hefur starfað, átt mikinn þátt í að opna augu fólks fyrir umhverfinu í hrauninu og náttúrunni í nágrenni bæjarins. Meðan á sýningunni stendur verður fjölbreytt dagskrá í Hafnarborg og í Höfðaskógi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Sýningin stendur til 28. ágúst og hvetjum við allt skógræktarfólk til að mæta.

Hávaxtareikningar

Háir vextir og mikið öryggi fara saman hjá SPRON!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi, hvort sem það er til styttri eða lengri tíma.

Það eru ekki aðeins góð vaxtakjör sem SPRON hefur upp á að bjóða heldur gerist þjónustan ekki betri meðal banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni, samanber Íslensku ánægjuvogina 2005.

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON,
í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

spron
– frelsi í bankaviðskiptum

Ian Anderson ásamt Björgólfi Thorsteinsson formanni Landverndar og Magnúsi Jóhannessyni formanni Skógræktarfélags Íslands (Mynd EG).

Ian Anderson úr Jethro Tull gróðursetur í Vinaskógi

Ian Anderson, forsprakki rokkhljómsveitarinnar Jethro Tull, hélt tónleika í Laugardalshöll þann 23. maí síðastliðinn. Auk eigin hljómsveitar og fiðlusnillingsins Lucia Micarellia naut hann stuðnings tuttugu manna strengja- og blástursveitar sem kallar sig „Reykjavík Sessions Chamber Orchestra“ og er skipuð hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Er skemmst frá því að segja að tónleikarnir voru sannkallað eyrnakonfekt. Þrátt fyrir norðan garra og annríki við að æfa með nýrri hljómsveit gaf Ian sér tíma til að heimsækja Vinaskóg og gróðursetja þar vinatré með formanni Skógræktarfélags Íslands, Magnúsi Jóhannessyni og formanni Landverndar, Björgólfi Thorsteinsson.

Það fór vel á því að fá þennan góða gest í Vinaskóg, því umhverfis- og skógarmál hafa verið honum hugleikin á löngum ferli. Í því sambandi má nefna að árið 1977 sendi Jethro Tull frá sér plötuna „Songs from the Wood“ sem er óður til skóga og þess fjölbreytilega lífs sem í þeim leynist.

Eins og gefur að skilja þá bar skógar- og jarðvegsverndarmál á góma. Meðal annars kom fram að Ian lét gróðursetja um 50 þúsundir eikartrjáa á landareign sinni í Wiltshire á síðasta ári auk þess sem hann hefur komið að fjármögnun skógræktar víðar, meðal annars í Skotlandi þar sem hann hefur einnig verið stórtækur í laxeldi.

Áform félagasamtakanna tveggja um stofnun Kolefnissjóðs voru kynnt fyrir Ian en hann hefur tengst svipuðum sjóði í Bretlandi. Sagðist Anderson m.a. hafa gefið syni sínum kolefnisjafnað ár síðast þegar hann átti afmæli og hann hefði þá stefnu að kolefnisjafna alla sína starfsemi ýmist með eigin ræktun eða í gegnum Kolefnissjóði.

Ef að líkum lætur mun Ian Anderson kolefnisjafna næstu heimsókn til Íslands með viðskiptum við Kolefnissjóðinn Kolvið.

Þrátt fyrir norðan garra lék Anderson á alls oddi þegar hann gróðursetti tréð í Vinaskógi, fyrstur heimsþekktra tónlistarmanna en áður hefur fjöllistamaðurinn Yoko Ono gróðursett þar.

VISA

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt tímarit fyrir alla skóg- og trjáræktendur



„Skógræktarritið er bæði fyrir lærða og leika. John Francis Zalewski, húsasmíðameistari og sumarhússeigandi, mælir óhikað með því.“

Skoðið áskriftartilboð á www.skog.is

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is. Nánari upplýsingar á www.skog.is.

Geispar þú nógu djúpt?

Þegar gróðursett er í lítt gróið eða unnið land er svo kölluð geispa ákaflega hentugt gróðursetningaverkfæri. Mikilvægt er að gróðursetja skógarplöntur djúpt, þannig ná rætur góðri festu og komast niður fyrir yfirborðið sem oft á tíðum verður þurrt eins og duft yfir aðal vaxtartímann. Þá eru ungar plöntur mjög viljugar að mynda rót út frá stofni og eru þær oft á tíðum mun sprækari en ræturnar í hnausnum.

Á myndinni má sjá tvær geispur sem passa fyrir plöntur úr 40 hólfa bökkum (100 cm^3 rótarrými). Eins og sjá má þá er kjafturinn lengri á þeirri sem er vinstra megin á myndinni.

Laufblöðungur mælir með því að geispað sé djúpt ef geispað er á annað borð.

Geispan til vinstri á myndinni er eins og við viljum hafa þær (Mynd EG).

Laufblaðið

Fréttablað, 15. árgangur 2. tölublað 2006.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Jón Geir Pétursson skógfræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Jóhann Frímann Gunnarsson íslenskufræðingur og Ragnhildur Freysteinsdóttir landfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2005:
Magnús Jóhannesson formaður,
Magnús Gunnarsson varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir,
Sigríður Jóhannsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.
Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir,
Vilhjálmur Lúðvíksson,
Páll Ingþór Kristinsson.

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

HÚSASMIÐJAN www.husa.is
POKASJÓÐUR
TOYOTA
blómaval heillandi heimur
SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN
KB BANKI
olís OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

Frjóofnæmi - og lyfið Livostin

Frjóofnæmi er algengur kvilli sem hrjáir marga yfir vor og sumarmánuðina. Einkenni ofnæmis frá augum eru kláði, augnrennsli, roði og bólga en frá nefi kláði, hnerri, nefrennsli og nefstífla. Einnig getur fylgt þreyta og pirringur. Gras- og birkifrjókorn eru þekktir ofnæmisvaldar og valda því sem í daglegu tali er kallað frjóofnæmi.

Þegar ferðast er úti í náttúrunni á vorin og sumrin er snertingin við ofnæmisvaldinn mikil og oft óhjákvæmileg og einkennin magnast upp. Það getur haft mikil áhrif á suma einstaklinga sem þjást af frjóofnæmi, jafnvel svo mikil að þeir forðast alfarið ferðalög, útilegur o.s.frv.

En það er til lausn á þessum vanda, því í apótekum er hægt að fá án lyfseðils lyf, sem dregur úr þessum einkennum. Lyfið heitir **Livostin®** og verkar staðbundið gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Lyfið þarf ekki að nota fyrirbyggjandi heldur er hægt að nota það eftir þörfum þegar einkennin koma fram og verkar það mjög fljótt, eða innan 15 mínútna. **Skömmtun Livostin® er einföld:** Augndropar: 1 dropi er notaður í hvort auga kvölds og morguns, en má auka upp í fjögur skipti á dag. Nefúði: 2 púst í hvora nös kvölds og morguns.
Sama skömmtun er fyrir börn og fullorðna.

Virka efnið í **Livostin®** er andhistamínið *levókabastínum*, sem hefur sérhæfða, kröftuga og langvarandi verkun. Ekki er ráðlegt að nota mjúkar augnlinsur með **Livostin®** augndropum. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun **Livostin®** hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi.
Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir með lyfinu.
Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Livostin® nefúði og augndropar fást án lyfseðils í apótekum!

JANSSEN-CILAG

vistor
Hörgatúni 2, 210 Garðabæ
Sími 5357000

Glæsileg sitkagrenitré leynast víða. Hér er myndarlegt sitkagrenitré í vesturhluta Suðurgötukirkjugarðsins, sannkallað „fyrirmyndatré“. Áhugasamir lesendur, sem vita um slík tré, eru beðnir að hafa samband við Guðmund Halldórsson á Mógilsá (Mynd JGP).

Veistu um glæsilegt sitkagrenitré?

Val úrvalstrjáa af sitkagreni

Í verkefninu *Búum til betri tré* stendur til að velja úrvalstré (svonefnd plústré) af sitkagreni sem græðlingar verða teknir af til ræktunar trjáa sem mynda eiga frægarð í framtíðinni. Þetta er samstarfsverkefni Skógræktar ríkisins og Landshlutaverkefna í skógrækt. Fyrst þarf að finna tré sem hafa til að bera þá eiginleika sem sóst er eftir, en þeir eru eftirfarandi:

1. Beinvaxið
2. Laust við merki um áföll af völdum skordýra (grenilúsar) og sjúkdóma
3. Gleiður greinavinkill, þ.e. greinar myndi sem næst 90 gráðu horn út frá stofni
4. Hávaxið; a.m.k. ekki lægra en jafngömul nágrannatré

Leitað er til bæði fagfólks og áhugafólks í skógrækt eftir ábendingum um afburðatré. Tekið skal fram að sóst er eftir hreinu sitkagreni, en ekki blendingum af sitka- og hvítgreni (sitkabastarði). Einnig er æskilegt að trén hafi náð nokkurra metra hæð, þ.e. séu ekki mjög ung, vegna þess að ung tré hafa e.t.v. sloppið við áföll (hret og skaðvalda) sem eldri tré hafa lent í á langri ævi.

Þeim sem kynnu að vita um slík fyrirmyndartré, er vinsamlegast bent á að hafa samband við Guðmund Halldórsson, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá, 116 Reykjavík. Netfang: gudmundur@skogur.is, sími: 515-4500.

Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk
Stjörnugróf 18 * Sími 581 4550 * Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

Gróðrarstöðin Barri hf

Ræktum skógarplöntur í miklum mæli

Margar tegundir og plöntugerðir

Minnum á 15% staðgreiðsluafslátt
til félaga í skógræktarfélögum

Sjá nánar á heimasíðu okkar www.barri.is eða
hafa samband með tölvupósti barri@barri.is

Símar okkar eru: 471-2371, 899-4371

Hugsaðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

MIXA • fít

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

www.vinbud.is

Endurvinnslustöðvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu taka við flöskum og dósum til flokkunar og endurnýtingar.

Skógrækt er kostnaðarsöm, og því þarf að spara, og einn þáttur í því er að kaupa traust og ódýr ökutæki, sem eru ekki bara til að sýnast

Santana PS 10
9 manna

PS 10 með sturtum

Santana 350 TDi

Santana bílarnir eru þrautreyndir og ekki með neina barnasjúkdóma, þeir eru einnig sparneytnir, einfaldir í viðhaldi og ódýrir í innkaupi.

Eigum einnig á lager all flesta varahluti fyrir allar árgerðir af Land-Rover bifreiðum

SMR **JARÐVEGSLÍM- EITT EFNI - VÍÐTÆK NOTKUN!**

Til festingar á uppistöðum
Vörn gegn uppblæstri
Endurbygging skurðbakka
Undirbygging bílastæða
Undirbygging gangstíga

SMR er efni til fleiri nota en hægt er að telja upp, og það er ódýrt. Kynntu þér málið hjá okkur

BSA

ÞAR SEM SKYNSAMLEGT ER AÐ VERSLA

Varahlutir ehf Smiðjuveg 4 A, Kópavogi. Sími: 587-1280

STEYPUMÓT
FYRIR SUMARBÚSTAÐI

• Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn

•Smíðum eftir máli
•Fljót og góð afgreiðsla

Auglýsingastofa Þórhildar 1460.5

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
www.hagblikk.is

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræ

Reykjavík
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
Bandalag íslenskra farfugla
Bergiðjan, Vatnagörðum
Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílaleigan Hertz, Reykjavíkurflugvelli
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
BOX ehf, Laugarnesvegi 114
Creditinfo Group hf, Brautarholti 10-14
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
ERF ehf, Rauðagerði 39
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Feró ehf, Steinaseli 6
Félag iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30
Félag skrúðgarðyrkjumeistara
Flügger, Stórhöfða 44
Forval ehf, Grandagarði 8
Frjó-verslun garðyrkjumannsins ehf, Stórhöfða 35
Garðyrkjuþjónustan ehf, Bólstaðarhlíð 35
Gjögur hf, Kringlunni 7
Hagaskóli, Fornhaga 1
Hár ehf, Kringlunni 7
HGK ehf, Laugavegi 13
Híbýli og skip ehf, Hverfisgötu 105
HU-Veitingar ehf, Vegamótastíg 4
Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
Hönnun hf, Grensásvegi 1
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
ISS Ísland ehf, Ármúla 40
Íslandspóstur hf, Stórhöfða 29
Ísól ehf, Ármúla 17
Johan Rönning hf, Sundaborg 15
Jónar Transport hf, Kjalarvogi 7
Kennarasamband Íslands, Laufásvegi 81
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 115
Mentis hf, Sigtúni 42
Mirage slf, Lyngrima 3
Norðlenska matborðið ehf, Vatnagörðum 6
Plastprent hf, Fosshálsi 17-25
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Samiðn, Borgartúni 30
Saxhóll ehf, Nóatúni 17
Securitas hf, Síðumúla 23
Segull ehf, Hólmaslóð 6
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
Sjúkravörur, Suðurlandsbraut 52
Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Stanislas Bohic garðhönnun, Súðarvogi 6
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sveinbjörn Sigurðsson hf, Smiðshöfða 7
Tannlæknastofa Árna Þórðarsonar, Faxafeni 11
Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar, Ingólfsstræti 3
Tjaldstæðið Laugardal, sími 568-6944, www.reykjavikcampsite.is
Tróbeco ehf, Laugavegi 71
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Vélaver hf, Lágmúla 7
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16
Þakmálun ehf, Asparfelli 2

Seltjarnarnes
Rafþing, rafverktaki, Bollagörðum 43
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
BJ-verktakar ehf, Bergsmára 8
Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi, Vatnsenda
Kópavogsbær, Fannborg 2
Rafsetning ehf, Askalind 6
Reynir bakari, Dalvegi 4
Ræstingaþjónustan sf, Smiðjuvegi 62
Tvö hjörtu ehf, Bæjarlind 3
Verkfræðistofan Hamraborg, Hamraborg 10

Garðabær
Hannyrðabúðin sf, Garðatorgi 7
Suðurtún ehf, Súlunesi 12

Hafnarfjörður
Austurvöllur ehf, Rauðhellu 1
Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2
Fjörukráin - Hótel Víking, Strandgötu 55
Fura ehf, Hringhellu 3
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Sólark-Arkitektar ehf. www.solark.is, Bæjarhrauni 2
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Tannsmiðjan Króna sf, Reykjavíkurvegi 60
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Keflavík
Húsanes ehf, byggingaverktakar, Hafnargötu 20
Nesprýði ehf, Vesturbraut 10-12
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Keflavíkurflugvöllur
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli

Grindavík
Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði
Málningarvinna Carls ehf, Víkurbraut 9b

Garður
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

Njarðvík
ESSE ehf, Klettási 14
Verkfræðistofa Njarðvíkur, Brekkustíg 39

Mosfellsbær
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar, Grundartanga 1

Akranes
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 28
GT Tækni ehf, Grundartanga
Smellinn hf, Höfðaseli 2
Vélaleigan Þróttur, Ósi 3

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Efnalaugin Múlakot, Borgarbraut 49
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf, Húsafelli 3
Laugaland hf, Laugalandi
Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
Sindri Arnfjörð, garðyrkjumaður, Laufskálum 1
Skorradalshreppur, Grund

Stykkishólmur
Ásklif ehf, Hjallatanga 6
Þ.B.Borg - steypustöð ehf, Silfurgötu 36

Búðardalur
Dalabyggð, Miðbraut 11
MS Búðardal, Brekkuhvammi 15

Króksfjarðarnes
Glæðir, áburður, Hellisbraut 18

Ísafjörður
Ásel ehf, Garðplöntustöð Ásthildar, Mánagötu 6
Félag eldri borgara Ísafirði, Garðavegi 2
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Heiðarfell ehf, Ásgeirsgötu 3
Hólmberg ehf, Urðarvegi 35
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1
KNH ehf, Grænagarði
Krossnes ehf, Króki 2
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24
Mjólkursamlag Ísfirðinga, Sindragötu 2
Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Siggi Bjartar ehf, Ljósalandi 9

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3
Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

Flateyri
Hrafnseyrarnefnd, Grundarstíg 2

Patreksfjörður
Hálfdán ehf, Aðalstræti 73
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Tálknafjörður
Miðvík ehf, Túngötu 44
Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

Bíldudalur
Veitingastofan Vegamót ehf, Tjarnarbraut 2

Þingeyri
Gistihúsið við Fjörðinn, Vallargötu 15
Skjólskógar á Vestfjörðum, Aðalstræti 26

ktarfélag Íslands

Blönduós
Blönduósbær, Húnabraut 6
Búnaðarfélag Engihlíðarhrepps, Hvammi
Vilko ehf, Hnjúkabyggð 31
Skagaströnd
Elfa ehf, Oddagötu 23
Vélaverkstæði Skagastrandar, Strandgötu 30

Sauðárkrókur
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Náttúrustofa Norðurlands vestra, Aðalgötu 2
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15

Varmahlíð
Akrahreppur, Skagafirði,
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Akureyri
Gerði eggjabú ehf, Þórsmörk
Hagþjónustan ehf, Skipagötu 14
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Orlofsbyggðin Illugastaðir, Fnjóskadal
Raftó ehf, Hjalteyrargötu 6
Verkfræðistofan Raftákn hf, Glerárgötu 34

Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Húsavík
Knarrareyri ehf, Túngötu 6
Orkuveita Húsavíkur, Ketilsbraut 9

Laugar
Þingeyjarsveit, Kjarna

Mývatn
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

Þórshöfn
Langanesbyggð, Fjarðarvegi 3

Bakkafjörður
Skógræktarfélagið Lurkur, Skólagötu 5

Vopnafjörður
Mælifell ehf, Háholti 2
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Laufskógum 1
Hraðbúð ESSO, wwwkhb is, Kaupvangi 6
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður
Hólmar, húsgagnaverslun ehf, Austurvegi 29
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar, Brekkugötu 9

Neskaupstaður
Fjarðabyggð, Hafnargötu 2

Höfn
Skinney - Þinganes hf, Krossey

Selfoss
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Búnaðarfélag Grímsneshrepps, Björk Grímsnesi
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Garðyrkjustöðin Furubrún, Reykholti, Biskupstungum
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 6S
SG. Hús hf, Austurvegi 69
Selfossveitur bs, Austurvegi 67
Set ehf, plaströraverksmiðja, Eyravegi 41
Sorpstöð Suðurlands, Austurvegi 56
Umhverfisdeild Árborgar, Austurvegi 2, Ráðhúsi
Vélaverkstæði Almennar viðgerðir og smurþjónusta, Gagnheiði 36

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Hveragerðisbær, Sunnumörk 2

Þorlákshöfn
Auðbjörg ehf, Hafnarskeiði 17-19
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Laugarvatn
Gróðrastöðin Laugarströnd, Laugarströnd

Flúðir
Flúðafiskur, Borgarási
Garðyrkjustöðin Jörfi, Flúðum
Hrunamannahreppi
Gróðrastöðin Hvammi 2, Flúðum

Hella
Ferð og Saga ehf, Hrafntóftum 1

Hvolsvöllur
Anna og Árni á Akri, Akri
Byggðasafnið í Skógum, Skógum

Kirkjubæjarklaustur
Búval ehf, Iðjuvöllum 3

Vestmannaeyjar
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

Skógræktarfélag Íslands og KB banki endurnýja samning um víðtækt fræðslusamstarf

KB banki hefur um áratugaskeið verið traustasti bakhjarl og samstarfsaðili Skógræktarfélags Íslands, sem er landsamband skógræktarfélaganna og hafa aðildarfélögin um allt land notið góðs af stuðningi bankans í skógræktarstarfi sínu.

Skógræktarfélag Íslands og KB banki hafa nú endurnýjað samning um víðtækt fræðslusamstarf. Samningurinn er gerður við upphaf tíunda árs samstarfs sem hófst árið 1997.

Fræðslusamstarf KB banka og Skógræktarfélags Íslands hefur verið mikil lyftistöng fyrir þennan þátt í starfi Skógræktarfélagsins.

Stuðningur bankans hefur gert félaginu mögulegt að standa að margs konar fræðslu sem hefur skilað sér í markvissari og betri vinnu í skógrækt. Meðal þess sem þar má nefna eru opin hús skógræktarfélaganna, margs konar námskeið í skógrækt og skógargöngur. Hafa tugir þúsunda landsmanna tekið þátt í viðburðum þessa samstarfs undir merkjum KB banka og skógræktarfélaganna undanfarin níu ár.

Skógræktarfélag Íslands og KB banki/Búnaðarbankinn eru nánast jafngömul upp á dag og fögnuðu 75 ára afmæli á síðasta ári. Á 70 ára afmæli bankans og Skógræktarfélagsins árið 2000 lögðu þessir aðilar saman krafta sína og stofnuðu til Aldamótaskóga á fimm stöðum á landinu. KB banki lagði til plöntur, eina fyrir hvern þálifandi Íslending eða um 281.000 plöntur. Skógræktarfélagið lagði á móti til landskika þar sem plönturnar voru gróðursettar af skógræktarfélögunum með dyggri aðstoð almennings.

Aldamótaskógarnir eru útivistarskógar Íslands í framtíðinni. Reynt verður að búa svo um hnútana að þar verði góð umhirða og fyrirmyndar aðstaða fyrir allan almenning sem njóta vill íslenskrar náttúru og hollrar útivistar.

Pálína Pálmadóttir, framkvæmdastjóri markaðsdeildar KB banka og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélag Íslands endurnýja samning um víðtækt fræðslusamstarf KB banka og Skógræktarfélagsins (Mynd RF).

Skógarnir munu einnig standa sem lifandi og vaxandi tákn um hverju er hægt að áorka með samstarfi frjálsra sjálfboðaliðasamtaka og fyrirtækja í landinu.

Skógræktarfélag Íslands og KB banki horfa enn fram á við og vinna nú að stofnun Kolviðarsjóðs í samstarfi við fleiri aðila.

Markmið sjóðsins verður að hamla á móti gróðurhúsaáhrifum á jörðinni og eru miklar vonir bundnar við að hann verði virkur og öflugur.

Trjáhús byggt í grenitré

Um þessar mundir er mikið um að felld séu stór grenitré í görðum. Sums staðar eru þau farin að skyggja á, en í mörgum tilvikum gætu þau hæglega staðið áfram eftir rétta snyrtingu.

Í Þingholtunum í Reykjavík rakst Laufblöðungur á hugmyndaríkan garðeiganda sem hefur byggt virkilega skemmtilegt og fallegt hús í gömlu sitkagrenitré. Með þessu móti hefur grenitréð fengið alveg nýtt hlutverk og er orðið miðpunktur garðsins. Svona hús eru skemmtileg leiksvæði fyrir börn og fullorðna, auk þess að vera mikil garðaprýði.

Trjáhús má auðvitað byggja í öðrum trjátegundum sem verða stórvaxnar og er það til dæmis upplagt í stórum alaskaaspartrjám sem víða vaxa í görðum landsmanna.

Trjáhúsið í Þingholtunum er vel smíðað og fellur vel í umhverfið (Mynd JGP).

Skógræktarfélag Reykjavíkur á tímamótum

60 eða 105 ára afmæli?

Þann 24. október 1946 var Skógræktarfélag Reykjavíkur stofnað í núverandi mynd sem frjáls félagasamtök. Saga félagsins er þó mun lengri en þessi 60 ár sem nú er verið að minnast.

Það var árið 1901 sem stofnað var til hlutafélagsins Skógræktarfélags Reykjavíkur og er skógræktarfélagið hið yngra arftaki þess félags, enda fékk það allar eigur hlutafélagsins í sinn hlut. Því má allt eins segja að Skógræktarfélag Reykjavíkur sé 105 ára á þessu ári. Saga félagsins er því löng og mikil og félagið hefur verið drifið áfram af miklum hugsjónum umhverfisverndar, að láta gott af sér leiða fyrir land og þjóð með uppgræðslu skóga og er saga félagsins samofin uppbyggingu Reykjavíkur sem höfuðstaðs landsins og einnig sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Ljóst er forsvarsmenn félagsins og borgaryfirvöld sáu nauðsyn þess að bæjarbúar hefðu græn svæði sér til yndisauka ef Reykjavík ætti að geta talist til evrópskar menningarborgar, þar sem borgarbúar gætu iðkað útivist og átt sér griðastað. Skemmst er frá því að segja að hið góða samstarf skógræktarfélagsins við borgina og stofnanir hennar, Vinnuskólann og þær veitustofnanir sem nú hafa verið sameinaðar undir merkjum Orkuveitunnar, hefur getið af sér helstu útivistarperlur borgarinnar: Öskjuhlíðina, Fossvoginn, Elliðaárdalinn, Rauðavatnsstöðina, Austurheiðar, Hólmsheiði og Heiðmörk. Árangur þessa starfs hefur verið hreint frábær og prýða nú öll þessi svæði vöxtulegir skógar með fjölbreyttum trjágróðri sem allir landsmenn geta notið til afþreyingar og heilsubótar.

Fljótlega upp úr 1990 náði félagið sínum mestu afköstum þegar gróðursettar voru liðlega 1 milljón trjáplanta árlega og í vinnu voru á vegum félagsins um 1.500 manns og var Skógræktarfélag Reykjavíkur þá um fjórði fjölmennasti vinnustaður landsins. Eftir 1994 fór síðan að halla undan fæti í framkvæmdum og reksturinn að þyngjast sem lyktaði svo með því að allri framleiðslu plantna í Fossvogi var hætt og gróðrarstöðin seld borginni. Þarna í Fossvogsstöðinni sló hjarta félagsins og þar fengu félagsmenn og almenningur plöntur og leiðbeiningar um ræktun. Fossvogsstöðin var því aðal vettvangur þess veigamikla félagsstarfs sem félagið hafði með höndum. Borgin tók einnig til sinnar umsjónar öll skóglendin sem félagið hafði staðið fyrir að rækta nema Heiðmörkina sem borgin fól félaginu að sjá áfram um.

Af þessu má sjá að verulegar breytingar hafa orðið á rekstri Skógræktarfélags Reykjavíkur síðustu 10 árin með því að borgin hefur tekið til sín flest þau stóru verkefni sem félaginu hafði verið treyst fyrir áður.

Skrifstofa Skógræktarfélags Reykjavíkur er í Elliðavatnsbænum. Í gamla steinbænum fæddist Einar Benediktsson skáld og á þessari mynd sést Guðjón Friðriksson sagnfræðingur leiðsegja hópi fólks um svæðið og kynna sögu Einars (Mynd JFG).

Til að bregðast við þessum breytingum réðist félagið í stefnumótunarvinnu sem lauk haustið 2003. Í kjölfar þess hófst þegar endurskipulagning á starfsemi félagsins í samræmi við mótaða stefnu og voru m.a. ráðnir til félagsins þrír skógfræðimenntaðir starfsmenn. Á síðasta aðalfundi var ályktað til borgarinnar þar sem óskað er eftir fleiri og stærri verkefnum fyrir félagið.

Félagið hefur sótt mjög fram við að auka skógræktarframkvæmdir og að byggja betur upp útivistaraðstöðu Heiðmerkur enda veitir ekki af þar sem þangað eru taldar um 530.000 gestkomur á ári hverju.

Núverandi verkefni félagsins

Skógræktarfélag Reykjavíkur vinnur að fjöldamörgum verkefnum og er hér tæpt á þeim helstu.

Rekstur Heiðmerkur er helsta verkefni Skógræktarfélags Reykjavíkur í dag. Framlag borgarinnar í dag er um 22 milljónir kr. án virðisaukaskatts til reksturs Heiðmerkur, svæðis sem er 31 km^2 að stærð, en til samanburðar er allt byggt svæði borgarinnar, auk allra annarra grænna svæða, um 38 km^2 (Austurheiðar ekki meðtaldar). Samkvæmt Gallup-könnun haustið 2004 kom í ljós að Reykvíkingar heimsóttu skóglendi 900 þúsund sinnum á hverju ári. Samkvæmt nýrri Gallup-könnun eru heimsóknir Reykvíkinga í Heiðmörk um 335.000. Ef gert er ráð fyrir að sama hlutfall annarra íbúa höfuðborgarsvæðisins heimsæki Heiðmörkina eru það um 530.000 heimsóknir á ári.

Ljóst er að núverandi framlag Reykjavíkurborgar dugir hvergi nærri til þess að halda uppi lágmarksþjónustu í Heiðmörk. Undanfarin tvö ár hefur verið hallarekstur á Heiðmörk sem nemur um 6 milljónum kr. árlega og hefur hann verið fjármagnaður af eigin fé félagsins.

Félagið hefur beitt sér, í samstarfi við fleiri aðila, fyrir stofnun þriggja

Stefán P. Eggertsson er formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur. Í baksýn sést Þverfellshorn í Esju, en Esjuhlíðar eru annað helsta svæði félagsins (Mynd JGP).

ára tilraunaverkefnis um Náttúruskóla Reykjavíkur og er það verkefni nú hafið. Félagið bindur miklar vonir við að skólinn efli alla náttúrufræðslu í Reykjavík. Samtímis er fyrirhugað að byggja upp fræðslusetur og útikennslustofu á Elliðavatni sem getur þjónað margvíslegri fræðslu um Heiðmörk, skógrækt og félagið sjálft. Fræðslusetrið getur einnig verið félagsaðstaða fyrir Skógræktarfélagið og öll þau félög sem starfa í Heiðmörk.

Ýmis konar fræðsla og viðburðir hafa verið í Heiðmörk og Esjuhlíðum undanfarin 2 ár, með þátttöku samtals rúmlega 1.500 einstaklinga. Má þar nefna fræðslugöngur, viðburði eins og Fjölskyldudaginn, stofnun Náttúruskólans og margt fleira.

Félagið hefur notið aðstoðar ýmissa aðila við starfið í Heiðmörk og voru 156 einstaklingar að störfum þegar mest lét sumarið 2005. Auk starfsfólks félagsins var starfsfólk frá Vinnuskóla Reykjavíkur, Landsvirkjun og alþjóðasamtökum sem kallast Veraldarvinir (Worldwide Friends).

Ýmsir aðilar styrktu og veittu fram-

Ályktun 1

Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur, haldinn 24. apríl 2006, hvetur til þess að sem fyrst verði komið á formlegu samstarfi um aðkomu Skógræktarfélags Reykjavíkur að útmörk og útivistarsvæðum borgar innar. Þá er bent á þann mannauð sem sterk áhugamannasatök, eins og skógræktarfélögin, búa yfir, auk sérþekkingar og reynslu vel menntaðs starfsfólks. Skorað er á borgaryfirvöld að hefja slíkt samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur sem fyrst.

Helstu styrktaraðilar

Helstu aðilar sem styrktu og veittu framlög til starfsemi á vegum félagsins voru Reykjavíkurborg, Garðabær, Orkuveita Reykjavíkur, Landgræðsluskógar, Landgræðslusjóður, Landsvirkjun, Minningarsjóður Páls Gunnarssonar, AVEDA, Veraldarvinir (Worldwide Friends) og Youth in Europe, Sparisjóður Vélstjóra og Pokasjóður.

Heiðmörk er vinsæl til ýmiskonar útivistar, ekki síst að koma saman og grilla (Mynd JFG).

Helgi Gíslason er framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur (Mynd JFG).

Dvöl Christian Flensborg í Reykjavík varð meðal annars til þess að stofnað var skógræktarfélag. Tryggvi Gunnarsson og Þórhallur Bjarnarson, þáverandi lektor við prestaskólann, hleyptu því af stokkunum ásamt Flensborg. Félagið hlaut nafnið Skógræktarfélag Reykjavíkur og var hlutafélag. Hver hlutur kostaði 25 krónur og urðu hluthafar strax um 80 talsins. Fyrsti formaður var kjörinn Steingrímur Thorsteinsson skáld. Stofnféð, um 2.100 kr., nægði fyrir kaupum á landi við Rauðavatn og girðingu um það. Því má bæta við að uppreiknað á verðlag dagsins í dag verða 25 krónur tæplega 10.000 krónur skv. Hagstofunni.

lög til starfsemi á vegum félagsins voru Reykjavíkurborg, Garðabær, Orkuveita Reykjavíkur, Landgræðsluskógar, Landgræðslusjóður, Landsvirkjun, Minningarsjóður Páls Gunnarssonar, AVEDA, Veraldarvinir (Worlwide Friends) og Youth in Europe, Sparisjóður Vélstjóra og Pokasjóður.

Félagið gerðist þátttakandi í samstarfsverkefni 24 Evrópuríkja undir yfirskriftinni Cost Action E33 og fjallar það í stuttu máli um efnahags- og félagslegan ávinning af skógrækt til útivistar. Fundir hafa verið í Skotlandi, á Kýpur og nú síðast í Ölpum Bæjaralands. Evrópusambandið greiðir allan kostnað sem af þessu hlýst.

Vegagerðin hefur gert tillögu að fjögurra ára framkvæmdaáætlun um að leggja bundið slitlag á alla vegi Heiðmerkur. Þetta er tilkomið vegna þrýstings almennings og Skógræktarfélagsins (með ályktun frá síðasta aðalfundi) vegna afleitra vega í Heiðmörk og mikillar rykmengunar frá þeim, sem spillir umferð og útivist þar. Reykjavíkurborg hefur þó enn ekki veitt framkvæmdaleyfi og er þetta góða mál því í uppnámi.

Í samstarfi hagsmunaðila er unnið að gerð bættra merkinga og skilta í Heiðmörk. Hluti af því verkefni er ný heimasíða fyrir Heiðmörk og þá einnig fyrir félagið. Nú er verið að vinna í fyrsta áfanga þessa verkefnis og hafa verið sett upp fjölmörg skilti.

Starfsfólk fór í fræðsluferð á vordögum til Danmerkur til þess að kynnast sambærilegri starfsemi þar. Ferðin var lærdómsrík og skemmtileg og er lagt til að ferð af þessu tagi verði gerð að árvissum viðburði.

Sjóðir félagsins eru nú rúmlega 120 milljónir kr. Þar af eru um 90 milljónir kr. ávaxtaðar í svonefndri virkri eignastýringu hjá SPRON og KB banka. Í eignastýringunni er eingöngu fjárfest í tryggum verðbréfum og eru yfir 70% í skuldabréfum en annað í hlutabréfasjóðum. Rúmar 30 milljónir kr. eru ávaxtaðar á bankabók hjá SPRON.

Reykjavíkurborg hefur samþykkt að taka samninginn um Heiðmörk til endurskoðunar. Samkvæmt bókun Umhverfisráðs má vænta hækkana á framlögum til Heiðmerkur við endurskoðun samningsins. Einnig hefur tekist samkomulag milli félagsins og Orkuveitunnar um aðkomu hennar að uppbyggingu og rekstri Elliðavatnsbæjarins og nánasta umhverfis hans.

Unnið er að samningi við Landgræðsluskóga um uppgræðslu á þeim svæðum Heiðmerkur sem eru illa gróin og uppblásin, til viðbótar við þann samning sem til er um Grunnuvötn. Rétt er að geta þess hér að nánast allar þær plöntur sem félagið hefur gróðursett sl. tvö ár, hafa fengist sem styrkur frá Landgræðsluskógum. Þá er verið að ganga frá Landgræðsluskógasamningi vegna Fellsmerkur.

Sá merki áfangi náðist á þessu ári að félögum fjölgaði um 200 og er því félagafjöldi nú rúmlega 1.200 manns.

Unnið er að gerð deiliskipulags á Heiðmörk. Fjölmargir fundir voru haldnir í stýrihópi um deiliskipulagið og haft var samráð við helstu hagsmunaaðila. Nú er gerð forsagnar deiliskipulagsins lokið og hefur hún verið send út til umsagnar og kynningar. Að því loknu verður hafist handa gerð deiliskipulags af svæðinu í samræmi við forsögnina.

Umfangsmikil verkefni eru framundan í Esjuhlíðum. Unnin var grunnvinna við gróðurfarsgreiningu, sem er grundvöllur skógræktarskipulags á svæðinu. Skógræktarskipulag og framkvæmdaáætlun yfir hluta svæðisins eru nú tilbúin. Búið er að semja áætlun fyrir hluta af göngustígakerfi á svæðinu og leitað hefur verið eftir stuðningi fjölmargra aðila til að hægt verði að koma henni í framkvæmd. Lagður var 500 m langur göngustígur í vor og sett upp upplýsingaskilti fyrir gesti.

Skógræktarfélag Reykjavíkur tók að sér að veita viðtöku stórgjöf Páls Samúelssonar og Elínar S. Jóhannesdóttur konu hans, en þau færðu Skógræktarfélagi Íslands 35.000 plöntur að gjöf á 75 ára afmæli þess. Allar þessar plöntur verða gróðursettar í lönd Skógræktarfélags Reykjavíkur í Esjuhlíðum.

Félagið tekur þátt í starfi samráðsnefndar skógræktarfélaga og sveitarfélaga um Græna trefilinn, sem var skipuð á árinu. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fólu síðan samráðsnefndinni að undirbúa og kynna verkefnið um Græna trefilinn og hefur veitt til þess fjármunum.

Að lokum má geta þess að félagið stefnir að því að halda veglega upp á afmælisdaginn 24. október í haust og verður dagskráin auglýst síðar.

Helgi Gíslason,
framkvæmdastjóri
Skógræktarfélags Reykjavíkur

Grisjun og umhirða er eitt brýnasta verkefnið á Heiðmörk næstu árin (Mynd JGP).

Keppt í skógarhöggi á Skógardeginum mikla á Hallormsstað. Hátt í þúsund gestir tóku þátt í deginum að þessu sinni (Mynd SBlö).

Skógardagurinn mikli á Hallormsstað

Skógardagurinn mikli var fyrst haldinn á Hallormsstað til að minnast þess að 35 ár voru liðin frá því að plöntun hófst í Fljótsdalsáætlun á Víðivöllum 25. júní 1970.

Svo vel þótti þessi dagur takast, að ákveðið var að gera þetta að árlegum viðburði síðasta laugardag í júní. Héraðsskógar, Skógrækt ríksins og Félag skógarbænda á Héraði stóðu að skógardeginum. Samkomustaður hátíðarinnar er í Mörkinni á Hallormsstað í svonefndum Neðstareit þar sem Christian Flensborg stofnaði græðireitinn árið 1903.

Miklu sviði var komið fyrir á flötinni þar sem boðið var upp á ketilkaffi og 200 kílóa heilgrillað naut. Aðaldagskrárliður dagsins var keppni í skógarhöggi með þátttöku átta keppenda. Að þessu sinni voru tré felld í hvítgreniteigi sem gróðursettur var árið 1952, fyrsta hvítgrenið frá Alaska. Keppt var í því að fella tré og skila því fullbúnu fyrir útdrátt. Næsta atriði fór fram á flötinni við sviðið. Þá voru þrír kubbar af trjábol klofnir í fjóra hluta og þrjár skífur sniðnar af trjáboli. Allt var tímamælt og jafnframt dæmt hve vel var unnið.

Sigurvegari varð Lárus Heiðarsson á Droplaugarstöðum, annar varð Skúli Björnsson á Hallormsstað og þriðji Einar Óli Rúnarsson á Egilsstöðum, áður bóndi á Arnhólsstöðum í Skriðdal. Þess má geta að Lárus varði þar með Íslandsmeistaratitilinn frá því í fyrra.

Jafnframt fór fram 15 km víðavangshlaup í skóginum þar sem Ólafur Sigfús Björnsson sigraði.

Daginn áður var haldinn á Hallormsstað aðalfundur Landssamtaka skógareigenda og má fullyrða að þeim hafi verið þessi samkoma mikil uppörvun.

Trjáræktarklúbburinn hugar að trjásafni „arboretum“

Trjáræktarklúbburinn var stofnaður 9. desember 2004 í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Mjög öflugt starf hefur síðan verið í klúbbnum og hélt hann m.a. vel heppnaða ráðstefnu á vordögum í tengslum við aðalfund.

Eitt af meginmarkmiðum klúbbsins er að vera vettvangur áhugafólks um að auka fjölbreytni trjágróðurs í ræktun hér á landi. Í því skyni stendur klúbburinn fyrir fræðslufundum, gerð kynningarefnis og skoðanaskiptum auk þess að útvega fræ, plöntur og græðlinga sem meðlimir sjálfir geta ræktað. Í þessu skyni útvegar klúbburinn sameiginlega fræ til ræktunar og geta meðlimir fengið það gegn því að afhenda klúbbnum hluta af þeim plöntum sem upp koma. Allir eiga síðan rétt á að fá plöntur úr safni klúbbsins. Leitast er við að halda vel utan um skráningu á plöntum svo að hægt sé að fylgjast með vexti þeirra og viðgangi um ókomin ár. Klúbburinn hefur einnig haft það að markmiði að vinna að því að koma á fót Trjásafni (Arboretum). Hafa menn haft augastað á landi á Mógilsá í Kollafirði enda er þar nú þegar vísir að trjásafni, sem Rannsóknastöð Skógræktar á Mógilsá hefur, þrátt fyrir takmarkaða fjármuni, komið á legg. Það hlýtur því að vera, þegar horft er til framtíðar, mikill ávinningur af því að fá sterkan áhugahóp sem vill vinna þessu fylgi. Um leið er það styrkur fyrir áhugamenn að hafa fagmenn og sérfræðinga við hendina, sem alltaf eru reiðubúnir að leggja sitt af mörkum.

Þess ber að geta að félögum í klúbbnum hefur smám saman verið að fjölga og eru þeir orðnir hátt í eitt hundrað talsins.

Hægt er að gerast félagi í klúbbnum ef viðkomandi er félagi í einhverju aðildarfélagi Skógræktarfélags Íslands eða Garðyrkjufélaginu.

Sjá nánar slóðina www.odg.cc/trjaklubbur.

Fyrirhugað er að Trjáræktarklúbburinn vinni að því að koma upp Trjásafni -Arboretum- í landi Mógilsár. Á myndinni eru Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður á Mógilsá ásamt smalahundinum Trygg, Axel Kristinssyni ritara Trjáklúbbsins og Helga Gíslasyni framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur. Hér eru þeir félagar að skoða aðstæður á fyrirhuguðu landi Trjásafns en innan tíðar verður væntanlega gengið frá formlegu samkomulagi á milli Mógilsár og Trjáklúbbsins. Einnig verður haft í huga að trjásafnið hafi möguleika á því að stækka enn frekar og kemur þá til land sem er í umsjón Skógræktarfélags Reykjavíkur. Sjá má að fyrirhugað land er frjósamt og fagurt.

(Mynd: B.J.)

actavis
hagur í heilsu

Efri myndin er frá heimsókn Halldórs Ásgrímssonar fyrrverandi forsætisráðherra í sumar ásamt fylgdarliði, stjórn skógræktarfélagsins og vinnuhópi.

Myndin hér til hliðar er af formanni Skógræktarfélags Siglufjarðar, Kristrúnu Halldórsdóttur og Runólfi Birgissyni bæjastjóra á Siglufirði eftir undirritun samningsins (Myndir sksiglo.is og AHJ).

Skógræktarfélag Siglufjarðar tekur nýtt land til skógræktar

Landgræðsluskógræktarsamningur

Miðvikudaginn 19. apríl var skrifað undir Landgræðsluskógræktarsamning milli Skógræktarfélags Íslands, Skógræktarfélags Siglufjarðar og Siglufjarðarkaupstaðar. Landið sem um ræðir er sunnan við núverandi skógrækt í Skarðsdal í landi Leynings og er alls 34,2 hektarar.

Skógræktarfélagið mun á næstu árum planta þar tug þúsundum trjáplanta á svæðið í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað og Skógræktarfélag Íslands, sem mun leggja til plönturnar.

Skógræktin í Skarðsdal er nyrsta skógrækt á Íslandi og er þar vaxinn upp myndarlegur útivistarskógur og má gera ráð fyrir að skógræktin muni stækka töluvert á næstu árum með tilkomu samningsins.

Sjóvá fjármögnun hf. styður verkefnið Opinn skóg

Þann 6. júlí var undirritaður styrktarsamningur Skógræktarfélags Íslands og Sjóvá fjármögnunar hf. vegna verkefnisins Opinn skógur.

Sjóvá fjármögnun er þar með orðin einn af öflugustu styrktaraðilum Skógræktarfélags Íslands.

Samningurinn er til þriggja ára og verður lyftistöng fyrir þetta þjóðþrifamál í umhverfisvernd og útivist og kemur öllum landsmönnum til góða í framtíðinni.

Ljóst er að uppbygging af þessu tagi kallar á aukna fjármögnun til lengri tíma og þessi samningur er sannarlega skref í rétta átt og hvatning til fleiri góðra fyrirtækja að leggja þessu verkefni lið á næstu misserum

Megin tilgangur og markmið verkefnisins Opinn skógur er að opna almenningi fjölmörg skógræktarsvæði í eigu og umsjón skógræktarfélaga. Áhersla er lögð á að aðstaða og aðgengi sé til fyrirmyndar og á að miðla upplýsingum og fræðslu um lífríki, náttúru og sögu. Valin eru áhugaverð svæði í alfaraleið en þegar hafa eftirfarandi svæði verið opnuð með formlegum hætti: Daníelslundur (2002), Hrútey (2003), Snæfoksstaðir, Tunguskógur, Eyjólfsstaðaskógur, Sólbrekkur (2004) og Hofsstaðaskógur (2005) og Tröð (2006).

Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjóvá fjármögnunar hf. t.v. og Magnús Jóhannesson formaður Skógræktarfélags Íslands t.h. undirrita styrktarsamning um verkefnið Opinn skóg (Mynd: RF).

Þegar aðstaðan í Vinaskógi var endurbætt fyrir þremur árum var notað íslenskt sitkagreni úr Heiðmörk í hlið og girðingar. Vel hefur tekist til með það eins og sést á meðfylgjandi mynd. Trévirki úr ómeðhöndluðu sitkagreni tekur sig vel út og fellur vel að umhverfinu (Mynd EG).

Með því að fletta sitkagreni eða stafafuru í borð opnast möguleikar á að smíða fjölbreytta hluti. Þennan fallega bekk smíðuðu starfsmenn Garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar úr grisjunarviði og settu upp við göngustíga á Hólmsheiði ofan Rauðavatns. Þessi bekkur hefur verið meðhöndlaður með glærri fúavörn (Mynd JGP).

Fleiri hugmyndir um nýtingu á grisjunarviði

Í síðustu Laufblöðum og í nýútkomnu Skógræktarriti hefur verið fjallað um og birtar myndir af ýmsum sniðugum hugmyndum um nýtingu grisjunarviðar úr skóginum. Grisjun er brýnt viðfangsefni víða, bæði á stærri og minni ræktunarsvæðum og því áhugavert að reyna að nýta það sem fellur til sem best.

Þessi mynd er tekin um miðjan maí er Toyota afhenti lykla að bifreiðunum. Vinstra megin á myndinni er Einar Gunnarsson, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands og hægra megin Jón Vikar Jónsson, sölustjóri hjá Toyota (Mynd JFG).

Toyota lánar Skógræktarfélagi Íslands bifreiðar

Bifreiðaumboð Toyota lánar Skógræktarfélagi Íslands tvær Toyota bifreiðar til afnota yfir háannatímann og hefur gert um nokkurra ára skeið. Þá gaf Toyota félaginu Toyota Landcruiser bifreið á 70 ára afmæli félagsins árið 2000 og hefur hún reynst frábærlega vel. Á 75 ára afmæli félagsins á sl. ári gaf Toyota félaginu 35.000 trjáplöntur sem gróðursettar verða í Esjuhlíðum.

Skógræktarfólk í tölum

Inngangur

Á 75 ára afmælisári Skógræktarfélags Íslands í fyrra var farið í gang með átakið *Á grænni grein* til að laða fleira fólk inn í skógræktarfélögin. Í kjölfarið var ákveðið að gera lauslega greiningu á gömlum og nýjum félögum, til að fá einhverja hugmynd um hverjir ganga í, og eru í, skógræktarfélögum.

Kynferði

Eins og stendur eru karlmenn í meirihluta meðlima skógræktarfélaga, með um 58% allra félaga. Þetta hlutfall snérist hins vegar alveg við fyrir nýja félaga, þar sem sex af hverjum tíu sem gengu í félag voru konur. Enn er þó nokkuð langt í land að hlutfallið verði jafnt í heildina. Til gamans má geta þess að til að brúa mismuninn og vega upp á móti nýjum karlkyns félögum þarf tæplega 5700 nýja meðlimi, miðað við sama kynjahlutfall nýrra félaga, til að konur verði meirihluti skógræktarfélagsfólks. Samsvarar það um 80% aukningu miðað við núverandi félagafjölda.

Aldur

Flestir núverandi félagar eru fæddir um miðja síðustu öld, að meðaltali árið 1948. Nýir meðlimir eru að jafnaði töluvert yngri, en meðaltalsfæðingarárið fyrir nýja félaga er 1957, þannig að átakið hefur heldur verið að yngja félögin upp. Að hluta til er þessi ynging vegna hærra hlutfalls kvenna meðal nýrra félaga, en konur í skógræktarfélögum eru heldur yngri en karlarnir, bæði á heildina litið og meðal nýrra félaga og munar þar að jafnaði 3-4 árum. Almennt virðist sem fólk taki að ráði að ganga í félög um fertugsaldurinn, svona um það leyti sem það er búið að koma sér nokkuð vel fyrir og börnin komin nokkuð á legg. Sumarbústaðaeign getur líka spilað þarna inn í, um leið og fólk er komið á það stig í lífshlaupinu að fjárfesta í sumarbústað og fer að rækta í kringum hann kviknar meiri áhugi á trjá- og skógrækt.



Búseta

Hvað búsetu varðar býr rétt tæpur helmingur meðlima skógræktarfélaga á suðvesturhorninu, sem eðlilegt er, enda rúmlega 2/3 landsmanna með lögheimili þar. Hlutfall meðlima skógræktarfélaga er þó ekki í beinu samhengi við hlutfallslegan íbúafjölda. Almennt er hlutfall félaga hærra en hlutfall íbúa á landsbyggðinni og ræður greiðara aðgengi að náttúru og landi undir skógrækt mögulega þar einhverju. Það er svo að sjálfsögðu mjög misjafnt innan hvers landshluta hvert hlutfall íbúa í skógræktarfélagi er, en metið í því sambandi á póstnúmer 685, sem er Bakkafjörður, en 26% íbúa þar eru í skógræktarfélagi.

Miðað við þessa greiningu má segja að „meðal-skógræktarfélagsmaðurinn“ sé miðaldra karlmaður á suðvesturhorni landsins, en hvað nýja félaga áhrærir er „meðaltalsmaðurinn“ kona á besta aldri, sem einnig býr á suðvesturhorninu.

Ragnhildur Freysteinsdóttir,
Skógræktarfélagi Íslands

DUPONT

Typar ® jarðvegsdúkur

Hentar fyrir:

- Blómabeð
- Hellulagnir
- Göngustíga
- Sólpalla

- Hindrar vöxt illgresis
- Hemill á rótarvöxt
- Ræktun á lélegum jarðvegi
- Hindrar blöndun jarðvegs

Poulsen
partur af lífinu

Poulsen Skeifan 2 Sími: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is / poulsen@poulsen.is
VIÐ OPNUM KL:08:00.

Skógræktarfélag Eyfirðinga gefur út fræðslubækling um merk tré á Akureyri

Skógræktarfélag Eyfirðinga, í samvinnu við Akureyrarbæ, hefur gefið út áhugaverðan bækling.

Akureyri hefur verið kölluð „bærinn í skóginum“ og ekki af ástæðulausu; mikill og hraustlegur gróður ásamt glæsilegu bæjarstæðinu gerir Akureyri að einum fegursta kaupstað landsins.

Allt frá því að trjárækt hófst á Íslandi, í einhverjum mæli, í kringum aldamótin 1900 hefur Akureyri staðið feti framar öðrum bæjarfélögum á landinu á því sviði. Trjá- og skógrækt í Eyjafirði og á Akureyri á sér djúpar og sterkar rætur og hefur sett sterkan svip á héraðið. Margir af merkustu frumkvöðlum landsins á þessu sviði komu úr Eyjafirði og höfðu mikil áhrif víðs vegar um land.

Í tilefni af 75 ára afmæli félagsins þann 11. maí 2005 réðist Skógræktarfélag Eyfirðinga í útgáfu þessa bæklings, þar sem vakin er athygli á merkum trjám á Akureyri og áhugafólki er auðveldað að finna trén og njóta þeirra.



Forsíða bæklingsins.

Yrkjusjóður opnar upplýsingavef www.yrkja.is

Yrkjusjóður opnaði upplýsingavef með fjölbreyttum upplýsingum um skóga og skógrækt nú í byrjun júní. Slóðin er www.yrkja.is.

Fimmtudaginn 22. júní sl. var Yrkjuvefurinn, yrkja.is, opnaður formlega á Café Flóru í Grasagarðinum, Laugardal. Yrkjuvefurinn er námsvefur um tré og gróðursetningu og þar má finna ýmsar upplýsingar um tré og skóga á Íslandi og í heiminum og ýmislegt um tilgang og framkvæmd skógræktar.

Sigurður Pálsson, formaður Yrkjusjóðs, flytur ávarp við Opnun Yrkjuvefjarins (Mynd JGP).

Glitnir var aðalstyrktaraðili við gerð vefjarins en Yrkjusjóður lagði einnig til fjármuni ásamt menntamálaráðuneytinu en Námsgagnastofnun hafði yfirumsjón með gerð hans.

Upphafi Yrkju má rekja til ársins 1990 en þá var gefin út bókin Yrkja í tilefni af afmæli Vigdísar Finnbogadóttur sem þá var forseti Íslands. Í ritstjórn voru þau Heimir Pálsson, Jónas Kristjánsson, Njörður P. Njarðvík og Sigríður Th. Erlendsdóttir. Útgefandi var Iðunn undir stjórn Jóns Karlssonar en öll vinna við undirbúning ritsins var unnin endurgjaldslaust.

Svo vel tókst til að bókin varð heimilisvinur um land allt. Að ósk frú Vigdísar var ágóðinn notaður sem stofnfé Yrkjusjóðsins. Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með sjóðnum og annast framkvæmdir samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Vigdís Finnbogadóttir og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis, opna Yrkjuvefinn.

Við opnunina flutti Sigurður Pálsson, formaður stjórnar Yrkju ávarp, en auk hans sitja í núverandi stjórn þau Sigríður Anna Þórðardóttir, fulltrúi Menntamálaráðuneytisins, Magnús Jóhannesson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands, Fjóla Höskuldsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Jón Loftsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.

Ragnhildur Freysteinsdóttir hjá Skógræktarfélagi Íslands var textahöfundur, meðritstjóri og aðalstjórnandi vefjarins fyrir hönd Yrkjusjóðs. Vefurinn er enn í vinnslu og það efni sem opnað var nú, einungis hluti þess sem stefnt er að koma upp á næstunni.

Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti og frumkvöðull Yrkjuverkefnisins opnaði vefinn ásamt Einari Sveinssyni, stjórnarformanni Glitnis, aðalstyrktaraðila Yrkjuvefjarins og fulltrúum unga fólksins.



Lágt verð en ekki bara eitthvað verð!

Viðskiptavinir verða að geta treyst IKEA. Þeir eiga að geta keypt góðan húsbúnað á verði sem er svo lágt að sem flestir hafi efni á að kaupa hann.

Í yfir 60 ár hefur IKEA lagt metnað sinn í að halda vöruverðinu lágu t.d. með því að kaupa inn hráefni eins ódýrt og hægt er, nýta það sem best, nota ódýrar flutningsleiðir og pakka húsgögnum í flatar umbúðir þannig að viðskiptavinir geti flutt þau heim og sett saman sjálfir.

En metnaðurinn stoppar ekki þar. Við viljum einnig að vörurnar sem við seljum séu lausar við hættuleg efni og viljum ekki að viðurinn í bókahillunum okkar, borðunum eða öðrum vörum í verslunum okkar komi frá svæðum þar sem skógunum er eytt! Því rekjum við uppruna alls timburs og vinnum náið með FSC (www.fscus.org) og WWF (www.panda.org).

Allir framleiðendur IKEA verða að fylgja ákveðnum grundvallarreglum og byggja upp ábyrgt viðhorf til umhverfisins. IKEA leggur metnað í að fylgja settum lögum og reglum í öllum viðskiptalöndum sínum en lætur ekki þar við sitja. Fjölmörg málefni snerta samfélagsábyrgð IKEA meðal annars barnaþrælkun sem er ekki liðin, þrælahald og hvers kyns mismunun og svo mætti áfram telja.

Þetta er langtímaverkefni sem þarf stöðugt að sinna jafnvel þótt mikil vinna og viðleitni liggi að baki við að ná settum markmiðum. En við erum á góðri leið og stígum mörg lítil skref áfram að settu marki.

Þú getur lesið meira um siðferðislega og umhverfislega ábyrgt IKEA á alþjóðlegu vefsvæði IKEA: www.ikea-group.ikea.com

IKEA®

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

Muck Truck 4x4

Fjölnota léttitæki og hjólbörur

Hjólbörur sem keyra allt að 1/4 tonn

Einnig er hægt að fá á Muck-Truck:
Brettalyftara, Flatpall, Dráttarkrók, Ryksugu, Hliðarhækkun, Ramp, og Snjóplóg.

Gardyrkja ehf www.gardyrkjan.is
Helluhraun 4 220 Hfj 5641860

Skógræktarfélag stofnað í Grindavík

Í júní var stofnað skógræktarfélag í Grindavík, sem fékk heitið Skógræktarfélag Grindavíkur. Reyndar var starfandi skógræktarfélag um hríð í Grindavík, en það var lengst af deild í Skógræktarfélagi Suðurnesja (hinu fyrra), sem hætti starfsemi fyrir nokkru. Skógræktarfélag Grindavíkur var tekið inn í Skógræktarfélag Íslands í júlí og er sextugasta aðildarfélag sambandsins. Fjölbreytt verkefni bíða félagsins en það hefur meðal annars umsjón með skóglendinu utan í fjallinu Þorbirni. Þar gæti í framtíðinni orðið til glæsilegt skógræktar- og útivistarsvæði Grindvíkinga.

Bjóðum við Skógræktarfélag Grindavíkur velkomið í hóp skógræktarfélaganna í landinu.

Fjallið Þorbjörn er framtíðar útivistarsvæði Grindvíkinga. Þar er gamall og fallegur skógur sem félagið mun beita sér fyrir að gera aðgengilegan almenningi (Mynd JGP).

Fjölmenni var á stofnfundinum (Mynd NN).

Í skóginum við Þorbjörn stendur heiðursvarði um Ingibjörgu Jónsdóttur, en hún var frumkvöðull í skógrækt þarna. Þetta er einn af mörgum áhugaverðum heiðursvörðum í íslenskum skógum, sem Skógræktarfélag Ísland vinnur núna að söfnum upplýsinga um (Mynd JGP).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

BM·VALLÁ

HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM

HÉRAÐSSKÓGAR
AUSTURLANDSSKÓGAR

VERKTAKI MOTTÓ VÉLALEIGA

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

NA
NORÐURÁL

ÍSTAK

Sparisjóður Mýrasýslu

Landgræðslan

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Í júlí
BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800

PRICEWATERHOUSECOOPERS

SKÓGRÆKT RÍKISINS

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

NÓI SÍRÍUS

FÍN

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!

Landbúnaðarháskóli Íslands

GOLDFINGER

MEISTARAFÉLAG HÚSASMIÐA

ÖMMUBAKSTUR

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 - 108 Reykjavík
sími 515 0700 - www.jke-design.is

Pipulagna VERKTAKAR ehf

borgar prýði Akranesi

FÍT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PRENTSMIÐJAN VIÐEY ehf.

Nú er komið annað hljóð í strokkinn:

Þögn...

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31628 03/2006

Prius - Framtíðin hefst í dag

Forfeður okkar fundu upp hjólið en nú hefur Hybrid-kerfið verið fundið upp: Lykillinn að umhverfisvænum þægindum í akstri. Með Hybrid-kerfinu er Prius bæði knúinn bensínvél og rafmagnsvél. Í hægum akstri og þegar numið er staðar ræður rafmagnsvélin ríkjum. Þetta veldur því að bíllinn er afar hljóðlátur, ótrúlega sparneytinn og með útblástur í lágmarki. Þeir bjartsýnu og framsæknu sjá framtíðina fyrir sér sem veröld þæginda í heilbrigðu umhverfi. Komdu og reynsluaktu Prius. Hann er framtíðin.

Verð: 2.440.000 kr.

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000